



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	6. fundur stjórnar KLÍ 2016-2017
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	10. nóvember 2016 kl 18:00
Pátttakendur:	Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) Formaður Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) Gjaldkeri Hafþór Harðarson (HH) Meðstjórnandi Valgeir Guðbjartsson (VG) Varamaður Svanhildur Ólafsdóttir (SÓ) Meðstrjórnandi
Boðuð forföll:	Bjarni Páll Jakobsson Varaformaður Stefán Claessen (SC) Varamaður
Fjarverandi:	Björgvin Valdimarsson (BV) Varamaður
Fundarritari:	HH

Dagskrá fundar

1. Staðfesting fundargerðar síðasta fundar
2. Fundagerðir
3. Afreksstyrkir
4. Gamlar sjónvarpsupptökur
5. Mælitæki
6. Búningamál landsliða
7. Mönnun mótaumsjón
8. Íslandsmót unglingsliða
9. Keiluráð Reykjavíkur
10. Samstarf við Keilhöllina
11. Staða salarmála

Fundargerð

Staðfesting fundargerðar síðasta fundar

Athugasemdir komu frá VG og ÁHE að það vantaði inn hverjir væru búnir að fá hlutverkin yfir hverjum afrekshópi fyrir sig. Sem sagt Ásgrímur Helgi Einarsson með karlahópinn, Hafþór Harðarson með kvannahópinn og Stefán Claessen og Guðmundur Sigurðsson með unglingshópinn.

Fundargerð staðfest eftir þetta

Fundagerðir

ÁHE ætlar að koma fundagerðum á kli.is.

Afreksstyrki

Rætt um að Theodóra sé að sækja um styrk til ÍSÍ, rætt um að heildarvelta KLÍ sé minni en styrkurinn sem við erum að sækja um því að það er svo margt sem fer ekki í gegnum sambandið sem íþróttafólkið okkar greiðir úr eigin vasa.

Gamlar sjónvarpsupptökur

HH fær leyfi til versla harðann disk og tala við Björn G. Sigurðsson um að fá efnið í stafrænu formi.

Mælitæki

Skanni fyrir mælitæki finnst ekki, kostar ca \$3500 samkvæmt okkar upplýsingum. Þarf að fá tækninefnd til að skila skýrslu úr öllum sölum, gefa sölum frest til að bæta það sem þarf að bæta. HH leggur til að það sé beðið með að kaupa þennan skanna þar sem hann telur að það sé óþarfi eins og staðan er núna.

Búningamál landsliða

Rætt um tillögu landsliðsnefndar um reglur fyrir búninga, ÁHE talar um að mögulega hafa 2 litni á bolunum og fánan á bolinum.

Rætt um að Dóra ætlar að fá æfingaboli fyrir kvenna og unglingsafrekshópinn.

Mönnun mótaumsjón

Svavar í mótanefnd sendi á stjórn og bað um aðstoð til að sjá um mótið þar sem hann er að spila sjálfur.

ÁHE kemur með tillögu að mótanefnd raði niður skyldu á félögin að mæta og sjá um íslandsmót vegna hversu fámenn mótanefnd er.

Íslandsmót unglingsliða

SUV segir að óviðráðanlegt sé að framkvæma breytingu síðasta þings í sambandi við þetta mót, tillaga kom frá unglingsnefnd að þetta sé þá spilað eins og fyrri tímabil. Stjórn samþykkir og þarf ÁHE að senda á formenn félagi til að fá samþykki að þetta sé spilað þannig.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Keiluráð Reykjavíkur

Keiluráð Reykjavíkur er að vinna í samskiptum við ÍBR og Keiluhallarinnar til að geta fylgst betur með hvað er verið að borga fyrir því það lýtur út fyrir að peningarnir sem eru eftir af styrknum að þeir dugi ekki.

Samstarf við Keiluhöllina

Þarf að finna aðila til að kvitta fyrir brautum eftir hvern keppnisdag.

Rætt var um póst frá Simma í Keiluhöllinni vegna ýmissa mála sem þarf að laga, SUV tekur að sér skipulagningu vegna deilda.

Almenn umræða um póst sem ÁHE svarar.

Staða salarmála

Reykjavíkurfélögin eru í viðræðum við ÍBR í sambandi við staðsetningu og hvernig er hægt að framkvæma þetta.